



Ágætu læknanemar

Á undanförunum árum hefur all nokkur fjöldi íslenskra nema sem stunda nám í læknisfræði við erlenda háskóla sótt um að taka verklegt nám í barnalækningum við Barnaspítala Hringins. Almennt hafa slíkar rotationir gengið vel. Umsóknum hefur hins vegar fjölgað, því er mikilvægt að hafa ákveðið, gagnsætt ferli til staðar.

Ferli umsókna og afgreiðsla þeirra fyrir verklegt nám á Barnaspítala Hringins er eftirfarandi:

Afgreiðsla umsókna

- Umsóknir um stöður að sumri verða metnar í janúar ár hvert. Umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 31.12.
- Umsóknir um stöður í desember verða metnar í byrjun júní ár hvert. Umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 31.05.

Umsóknir sem berast eftir ofanskráðar dagsetningar verða eingöngu metnar hafi ekki öll pláss fyllst á umsóknartímanum.

Umsóknum skal skilað á tölvupósti til Ingibjargar M. Steinþórsdóttur, skrifstofustjóra Barnaspítala Hringins: ingibj@landspitali.is Umsóknum þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- [Umsókn um verknám](#)
- Ferilskrá með upplýsingum um náms- og starfsferil
- Staðfesting á skólavist frá háskóla, þar sem fram kemur á hvaða ári nemi er í námi og hvenær gert er ráð fyrir að námi ljúki.
- Listi yfir lokin námskeið og listi yfir námskeið sem verður lokið þegar starfsnám hefst
- Meðmælabréf frá einum yfirmanni sem getur staðfest frammistöðu umsækjanda í klínísku starfi eða frammistöðu sem nemanda í heilbrigðisgrein

[Gátlisti fyrir læknanema – Hvað þarf að gera áður en verknám hefst](#)

Ferli/mat umsókna

Við mat á umsóknum verður tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Lengd starfsnáms sem sótt er um; umsóknir um lengri stöður hafa forgang umfram styttri stöður.
2. Staða náms; þeir nemar sem lengra eru komnir í námi hafa forgang umfram þá sem styttra eru komnir.
3. Ef umsóknir eru jafnar verður dregið milli umsókna/hlutkesti varpað.

Móttökudagsetningar

Ekki er unnt að taka á móti nemum á mörgum mismunandi dagsetningum.

Móttökudagsetningar fyrir verknám á Barnaspítala Hringins verða 3 fyrir nema sem stunda nám við erlenda háskóla:

- Lok maí/fram í miðjan júní (dagsetning valin eftir því hvaða dag flestir sækja um að byrja verknám)
- Byrjun júlí
- Um miðjan desember

Nákvæmar dagsetningar geta verið breytilegar milli ára.

Nemar geta sótt um að koma í verknám á Barnaspítala Hringins utan ofanskráðra dagsetninga. Þær umsóknar verða metnar sérstaklega. Skilyrði fyrir inntöku á slíkum dagsetningum er þó að nemarnir mæti á áður auglýstum móttökudagsetningum að morgni og fái kynningu á náminu og rotationum spítalans. Slík kynning tekur um klukkutíma.

Rétt er að taka fram að kröfur eru gerðar um fulla mætingu og fulla þátttöku í starfi Barnaspítala Hringins. Rotationir geta verið á ýmsar mismunandi deildir og jafnframt vaktir að kvöldi til og um helgar. Vinnuvika á Barnaspítala Hringins er að lágmarki 40 stundir. Ekki er gert ráð fyrir að nemar stundi önnur störf samhliða þessu námi.

Með von um ánægjulegt samstarf og skemmtilega námsframvindu.

Ásgeir Haraldsson, yfirlæknir
Prófessor í barnalækningum og
Forstöðumaður fræðasviðs, Barnaspítala Hringins
Landspítali-háskólasjúkrahús
101 Reykjavík



Barnaspítali Hringins
Landspítali, Hringbraut, 101 Reykjavík
Sími 543 1000, fax 543 3021
www.landspitali.is